

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna um innritun og útskrift nemenda úr sérdeild Sunnulækjarskóla.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, sbr. reglugerð nr. 148/2015 um breytingu á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, staðfesti mennta- og barnamálaráðherra 11. desember 2023 reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérdeild Sunnulækjarskóla. Reglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Reglurnar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 6. september 2023.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 11. desember 2023.

Ásmundur Einar Daðason.

Anna Tryggvadóttir.

Fylgiskjal.

REGLUR um innritun og útskrift nemenda úr sérdeild Sunnulækjarskóla.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Í reglum þessum er kveðið á um innritun og útskrift nemenda í sérdeild Sunnulækjarskóla. Reglurnar eru settar á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010 og reglugerðar nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Sérdeild Sunnulækjarskóla er skilgreind sem 2. og 3. stigs úrræði skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

2. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglum um innritun og útskrift úr sérdeild Sunnulækjarskóla er að tryggja vandaða málsmeðferð og gæta jafnræðis við innritunar- og útskriftarferli.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Sérdeild Sunnulækjarskóla er fyrir nemendur í 1.-10. bekk sem hafa fengið greiningu hjá viðurkenndum greiningaraðilum þar sem mat á umfangi stuðningsþarfa (SIS-C) staðfestir stuðningsþörf. Í undantekningartilvikum er hægt að heimila inntöku nemenda sem eru í greiningarferli hjá viðurkenndum greiningaraðilum og hafa ekki fengið staðfest SIS-C mat.

Nemendur sem sækja um nám við sérdeild Sunnulækjarskóla stunda fullt nám við deildina í samræmi við viðmiðunarstundaskrá og eru skráðir nemendur við Sunnulækjarskóla.

4. gr.

Umsóknarferli.

Forsjáráðilar í samvinnu við þjónustuteymi samkvæmt lögum nr. 38/2018 eða stuðningsteymi samkvæmt lögum nr. 86/2021 ef þjónusta barns er samþætt, geta sótt um nám í sérdeild Sunnulækjar-

skóla fyrir börn sem uppfylla inntökuskilyrði. Umsókn byggir á forsendum þjónustuáætlunar eða stuðningsáætlunar.

Tekið er við umsóknum allt skólaárið og er það hlutverk skólastjórnenda að skila þeim til skólaþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar með rafrænum og öruggum hætti. Greiningargögn, skýrslur og þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun nemenda skulu fylgja með umsókninni.

Fyrir nemendur sem ekki hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg er umsókn um námsvist í sérdeild Sunnulækjarskóla jafngild umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Skal greiðsla fyrir námsvist fylgja gjaldskrá sérdeildar Sunnulækjarskóla sem endurskoðuð er árlega.

5. gr.

Fagrád.

Við sérdeildina starfar fagrád sem skipað er skólastjóra Sunnulækjarskóla, deildarstjóra sérdeildar Sunnulækjarskóla og sérfræðingi skólaþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar. Fagrád hefur faglegt eftirlitshlutverk með starfi sérdeildarinnar og fjallar um allar umsóknir sem berast.

Fagrád sérdeildar fer yfir umsóknir, metur þær og kynnir sér umsækjendur og aðstæður þeirra í viðkomandi skóla. Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við þjónustuteymi eða stuðningsteymi og með samþykki forsjáraðila.

Fagrád gætir ávallt jafnræðissjónarmiða við mat umsókna og forgangsraðar út frá stuðningsþörf nemenda. Fagrád áskilur sér allt að fjórum vikum til að yfirfara og meta umsóknir og skila af sér tillögum að afgreiðslu umsókna til skólastjóra. Fagrád getur óskað eftir ráðgjöf frá utanaðkomandi sérfræðingum við mat á umsóknum.

6. gr.

Mat á umsóknum.

Við mat á umsóknum skal tekið mið af:

- a. Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
- b. Mati á stuðningsþörf (SIS-C) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.
- c. Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans og líðan.
- d. Óskum forsjáraðila og nemanda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- e. Mati á heildrænni stuðningsþörf sem kemur fram í þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun og réttindum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. reglugerð nr. 148/2015 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

7. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Skólastjóri Sunnulækjarskóla á grundvelli tillagna fagráðs sérdeildar Sunnulækjarskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli fyrirliggjandi gagna og deildarstjóri sérdeildarinnar í umboði skólastjóra Sunnulækjarskóla tilkynnir forsjáraðilum um niðurstöðuna skriflega. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt hefst undirbúningur móttöku barns í samráði við forsjáraðila og þjónustuteymi eða stuðningsteymi sé það til staðar.

Sé ekki unnt að verða við umsókn tilkynnir skólastjóri um fyrirhugaða synjun í bréfi til forsjáraðila og skal ítarlegur rökstuðningur fylgja. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun áður en endanleg ákvörðun er tekin. Verði umsókn synjað endanlega eftir mat á athugasemdum frá forsjáraðilum skal skólastjóri tilkynna forsjáraðilum það skriflega og upplýsa þá um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sé umsókn synjað vegna aðstæðna í deildinni skal forsjáraðilum gefinn kostur á að halda umsókn inni til umfjöllunar síðar.

8. gr.

Útskrift úr sérdeild í almennt skólastarf grunnskóla.

- a. Telji nemandi, forsjáraðilar eða fagfólk sérdeildar að nemandi fái betur notið náms og kennslu við hæfi í almennu skólastarfi skal þjónustuteymi eða stuðningsteymi nemandans meta, í samvinnu við fagfólk og fagrád sérdeildar, hvort nemandinn skuli útskrifast úr sérdeildinni í almennt

- skólastarf með stuðningi. Nám í sérdeild er val forsjáraðila svo þeir geta ávallt óskað eftir útskrift úr sérdeild.
- b. Taki þjónustuteymi eða stuðningsteymi nemandans ákvörðun um að nemandi færist yfir í almennt skólastarf meðan á grunnskólagöngu stendur skal gerð ný áætlun um lok náms við sérdeildina og aðlögun í nýjan skóla, sem tekur mið af gildandi þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun.
 - c. Aðlögun að almennu skólastarfi er unnin í samvinnu við nemanda og forsjáraðila, þjónustuteymi eða stuðningsteymi hans, umsjónarkennara og aðra fagaðila frá viðkomandi grunnskóla og skólaþjónustu Sveitarfélagsins Árborgar sem koma að námi og skólagöngu nemandans. Í þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun er tekið tillit til heildaraðstæðna nemandans og áætlun um aðlögun í almennt skólastarf.
 - d. Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr sérdeild í almennt skólastarf tekur skólastjóri Sunnu-lækjarskóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti nemanda, forsjáraðila og fagfólks með heildarhagsmuni nemandans að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli nemanda, forsjáraðila, skóla og fagfólks. Forsjáraðilum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf. Sé ákvörðun tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og forsjaráðilar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

9. gr.

Útskrift að loknu grunnskólanámi.

Hefja skal gerð tilfærsluáætlunar um skólaskil í 9. bekk í samræmi 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma nemandi, forsjáraðilar, þjónustuteymi eða stuðningsteymi nemanda, starfsfólk sérdeildar og aðrir fagaðilar sem koma að námi og skólagöngu nemandans. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

10. gr.

Útskrift vegna flutnings úr sveitarfélaginu.

Flytji nemandi úr Sveitarfélaginu Árborg skal gera áætlun um lok náms í sérdeildinni og aðlögun í það skólaúrræði sem tekur við. Að mótun og gerð áætlunar koma nemandi, forsjáraðilar, þjónustuteymi eða stuðningsteymi hans, starfsfólk sérdeildarinnar, nýr umsjónarkennari og aðrir fagaðilar sem koma að námi og skólagöngu nemandans. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar um náms- og félagslega stöðu nemandans, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu mennta- og barnamálaráðuneytis.